

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 332/2022

2023/EES/48/43

frá 9. desember 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1456 frá 2. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 með því að tilgreina skilyrði þess að viðskiptaskilmálar fyrir stöðustofnunarþjónustu fyrir OTC-afleiður teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bcx (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/731) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bcy. **32021 R 1456:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1456 frá 2. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 með því að tilgreina skilyrði þess að viðskiptaskilmálar fyrir stöðustofnunarþjónustu fyrir OTC-afleiður teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir (Stjttíð. ESB L 317, 8.9.2021, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 3. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2022 frá 9. desember 2022“ í stað orðanna „9. september 2021“ og orðin „innan árs frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2022 frá 9. desember 2022“ í stað „fyrir 9. september 2022“.

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1456, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

(¹) Stjttíð. ESB L 317, 8.9.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður